**Ed.** **1015. Nefndarálit** [436. mál]

um frv. til l. um bifreiðagjald.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. er andvígur þessu gjaldi á bifreiðar. Ekki vegna þess að fráleitt þurfi að vera að leggja gjald á bifreiðar heldur vegna þess að *ekkert* á að fara til vegaframkvæmda af þeirri skattheimtu sem hér um ræðir. Á sama tíma og ríkisstjórnin leggur fram í þinginu breytta vegáætlun, þar sem gert er ráð fyrir því í þriðja sinn að ekki fari króna úr ríkissjóði til vegaframkvæmda, er fráleitt að afgreiða frumvarp af því tagi sem hér liggur fyrir. Þess vegna mun minni hl. greiða atkvæði gegn þeirri skattheimtu af umferðinni sem hér er á dagskrá.

Guðrún Agnarsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Alþingi, 4. maí 1988.

Svavar Gestsson, frsm. Júlíus Sólnes.